

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 13. mars 2020.

Mál nr. 431/2019:

Guðmundur Ásgeirsson

(sjálfur)

gegn

Landsbankanum hf.

(Bjarni Þór Óskarsson lögmaður)

Lykilorð

Ógildingarmál. Skuldabréf. Ómerkingarkröfu hafnað.

Útdráttur

Niðurstaða héraðsdóms um ógildingu veðskuldabréfs var staðfest þar sem L hf. taldist hafa nægilega sannað að hann ætti að njóta umráðaréttar yfir veðskuldabréfinu.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramirnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 11. apríl 2019 að fengnu áfrýjunarleyfi. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 2017 í málinu nr. E-173/2017.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Þá krefst hann málskostnaðar.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 4 Dómi héraðsdóms var upphaflega áfrýjað til Landsréttar 11. janúar 2018 og gekk dómur 22. júní 2018 í máli nr. 95/2018. Dómi Landsréttar var áfrýjað til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi en með dómi 15. mars 2019 í máli nr. 19/2018 var málinu vísað frá Landsrétti þar sem ekki hefði verið aflað leyfis til þess að áfrýja dómi héraðsdóms til Landsréttar. Dómi héraðsdóms var áfrýjað á ný til Landsréttar 11. apríl 2019 að fengnu áfrýjunarleyfi.

Niðurstaða

- 5 Samkvæmt 1. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála má ógilda glötuð eða horfin skuldabréf með dómi eftir reglum XVIII. kafla laganna. Ógildingardómur heimilar dómhafa að ráðstafa því sem skjalið hljóðar um eins og hann hafi það undir höndum. Aðaldómkrafa áfrýjanda í máli þessu verður skilin svo að þess sé krafist að

synjað verði um ógildingardóm, sbr. lokamálslið 4. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991. Áfrýjandi er annar tveggja skuldara samkvæmt veðskuldabréfinu sem um ræðir og telst því aðili að málinu.

- 6 Krafa áfrýjanda um að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað á nýjan leik er á því byggð að héraðsdómari hafi ekki leyst úr öllum málsástæðum hans. Ekki verður á það fallist enda var um þær fjallað í héraðsdómi að því marki sem þörf var á. Þá er ekki efni til að vísa málinu frá héraðsdómi á þeim grunni að hugsanlegar fjárkröfur stefnda séu fyrndar, eins og áfrýjandi reifaði enn fremur í greinargerð og við málf lutning hér fyrir dómi.
- 7 Af niðurlagsorðum 1. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991 verður ráðið að sá einn geti höfðað dómsmál til ógildingar skuldabréfi, sem sýnir fram á líkindi fyrir því að hann eigi að njóta umráðaréttar yfir því. Veðskuldabréf það sem stefndi krefst ógildingar á var upphaflega gefið út til Landsbanka Íslands hf. Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi skýrir stefndi aðild sína að málinu með því að Fjármálaeftirlitið hafi með ákvörðun 9. október 2008 ráðstafað til hans eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf., sem ekki voru sérstaklega undanþegnar. Telst sú ráðstöfun gilt framsal réttinda samkvæmt bréfinu, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 15. maí 2014 í máli nr. 672/2013. Stefndi hefur eftir framsalið komið fram sem kröfuhafi veðskuldabréfsins. Þá hefur enginn gefið sig fram með veðskuldabréfið eða krafist synjunar ógildingardóms á þeim grunni að hann telji til réttar yfir því.
- 8 Samkvæmt framangreindu telst stefndi hafa nægilega sannað að hann eigi að njóta umráðaréttar yfir veðskuldabréfinu. Önnur atriði sem áfrýjandi vísar til í þessu sambandi breyta engu um þá niðurstöðu. Þá er ekkert fram komið í málinu sem styður þá málsástæðu áfrýjanda að einhver annar en stefndi geti mögulega talið til réttar yfir bréfinu. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um ógildingingu skuldabréfsins því staðfest.
- 9 Málskostnaður í héraði og fyrir Landsrétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Landsrétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 2017

Mál þetta höfðaði Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík, með stefnu birtri í Lögbirtingablaðinu 19. desember 2016 til ógildingar á veðskuldabréfi.

Málið var þingfest og dómtekið 19. janúar sl., en enginn mætti til að andmæla kröfu um ógildingingu. Var ógildingardómur kveðinn upp 10. febrúar sl.

Þann 29. mars sl. kröfðust Guðmundur Ásgeirsson og Þórunn Benný Finnbogadóttir þess að málið yrði endurupptekið. Var endurupptaka heimiluð og skiluðu þau greinargerð af sinni hálfu 1. júní sl. Þórunn féll síðar frá kröfum sínum og féll aðild hennar að málinu niður.

Málið varðar veðskuldabréf útgefið af þeim Guðmundi og Þórunni til Landsbanka Íslands hf. þann 23. mars 2006, upphaflega að fjárhæð 16.000.000 króna, tryggt með veði í Hraunbæ 134, íbúð 04-0302, fastanúmer 204-5119.

Stefnandi krefst þess að veðskuldabréfið verði ógilt. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að kröfu stefnanda verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar.

Stefnandi kveðst vera eigandi veðskuldabréfs þess sem lýst var hér að framan. Segir hann að frumrit þess sé glatað. Því sé honum nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi svo hann geti nýtt sér þau réttindi sem því fylgi. Í stefnu var bætt við orðunum: „eða eftir atvikum að fá það afmáð úr veðmálabókum.“

Stefnandi segir að bréfið hafi verið gefið út til stefnanda. Samt sem áður kveðst hann skýra aðild sína með því að Fjármálaeftirlitið hafi ráðstafað eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. til stefnanda þann 9. október 2008. Kröfu sína um ógildingu bréfsins kveðst hann byggja á 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi byggir á því að stefnandi eigi ekki og hafi aldrei eignast umrætt veðskuldabréf. Hann eigi því ekki aðild að málinu, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi byggir á því að það standist ekki reglur um framsal kröfu að stefnandi geti komist yfir kröfu með því að höfða mál til ógildingar skjalsins og innheimta síðan, án þess að hafa löglegt framsal kröfunnar frá réttum eiganda.

Stefndi byggir á því að lánið hafi verið í verulegri tapsáhættu og því ekki verið framselt til stefnanda þann 9. október, sbr. 1. tl. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins, sbr. lið II-e í viðauka.

Stefndi byggir á því að það sanni ekki eignarhald stefnanda á bréfinu, þótt hann hafi upplýsingar um bréfið skráðar í tölukerfi sínu sem hann tók við frá Landsbanka Íslands hf.

Stefndi byggir á því að ósannað sé að Landsbanki Íslands hf. hafi átt bréfið þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar bankans.

Stefndi bendir á svarbréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 4. júlí 2014. Þar segi að í gögnum um lánasöfn þau sem fluttust yfir til stefnanda væri ekkert að finna sem tengdist nafni stefnda eða kennitölu.

Niðurstaða

Í stefnu er ranghermt að bréfið hafi verið gefið út til stefnanda, en það var gefið út til Landsbanka Íslands hf. Þessi villa kemur ekki í veg fyrir að málið verði dæmt.

Stefndi mótmælir kröfu um ógildingu veðskuldabréfs sem hann gaf út sjálfur ásamt þáverandi eiginkonu sinni. Þótt hann haldi því ekki fram að hann eigi sjálfur tilkall til bréfsins verður að líta svo á að hann eigi aðild að málinu með kröfu, sem byggir á því að stefnandi sé ekki með réttu kröfuhafi bréfsins.

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 9. október 2008 voru skuldabréf í eigu Landsbanka Íslands hf. framseld stefnanda, sem þá hét Nýi Landsbankinn. Stefnda hefur ekki tekist að sýna fram á að umrætt skuldabréf hafi verið undanskilið við þetta framsal. Þá hefur hann ekki sannað að bréfið hafi þá þegar eða síðar verið framselt Íbúðalánasjóði eða einhverjum öðrum aðila. Verður hér að leggja áherslu á að enginn gaf sig fram til þess að mótmæla kröfu stefnanda vegna þess að sá ætti bréfið. Þá hefur stefndi ekki haldið því fram að einhver annar aðili hafi krafist hann um greiðslu afborgana af skuldabréfinu. Skiptir engu í þessu sambandi þótt tveir eða þrír gjalddagar hafi verið í vanskilum þegar bréfið var framselt.

Málatilbúnaður stefnanda byggir á því að honum hafi verið framselt bréfið í samræmi við áður nefnda ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Ekkert í lögum hindrar slíkt framsal.

Síðasta málsástæða stefnda lýtur að því að af svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn hans, dags. 4. júlí 2014, megi draga þá ályktun að skuldabréfið hafi ekki verið í eigu Landsbanka Íslands (gamla

bankans) í október 2008. Þetta er ekki rétt. Í svarinu kemur fram að nafn stefnda og kennitala hafi ekki verið tiltekin sérstaklega í umfjöllun um lánasafn bankans. Með því er ekki sagt að nafn hans hafi ekki verið á skrá um útgefendur skuldaskjala og skuldara. Í síðari lið bréfs síns neitar eftirlitið að upplýsa hvort stefndi hafi verið á skrá um skuldara. Af bréfinu verður því ekki dregin sú ályktun að skuldabréfið hafi ekki verið í eigu bankans.

Öllum málsástæðum stefnda er hafnað. Honum hefur ekki tekist að hnekkja því að stefnandi sé réttmætur eigandi veðskuldabréfsins. Verður að ógilda bréfið eins og stefnandi krefst.

Stefnda verður gert að greiða stefnanda 160.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Veðskuldabréf nr. 0140 74 401699, útgefið til Landsbanka Íslands hf. 23. mars 2006, af Guðmundi Ágeirssyni og Þórunni Benný Finnbogadóttur, að fjárhæð 16.000.000 króna, upphaflega tryggt með sjötta veðrétti í fasteigninni nr. 134 við Hraunbæ í Reykjavík, íbúð 04-0302, fastanúmer 204-5119, er ógilt.

Stefndi, Guðmundur Ásgeirsson, greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 160.000 krónur í málskostnað.